



# Hvernig sérð þú fyrir þér verkalýðshreyfinguna, væri hún stofnuð í dag?

Mikill samhljómur var í áherslum þingfulltrúa, þ.e. að einhvers konar sameining ætti sér stað, einfaldari yfirbygging og meiri samvinna.

- Færri félög, sterkari einingar, meiri samvinnu
- Færri félög til að fá virkari og öflugri rödd
- Landsfélög innan starfsgreina
- Mun færri verkalýðsfélög
- Færri félög, sterkari samstaða

# Hvernig sérð þú fyrir þér hvernig LÍV muni þróast í framtíðinni?

Verslunarmenn sameinast í eitt landsfélag með öflugar skrifstofur sem víðast á landsbyggðinni

- LÍV og VR sameinast, hagræðing og meiri skilvirkni og öflugra
- VR verði með öflugar landsskrifstofur - öflugt starf út á landi. Niðurlagning LÍV má ekki fela í sér að starfið verði höfuðborgarsvæðismiðað
- Eitt verkalýðsfélag verslunarmanna
- Eitt sterkt félag fyrir verslunarmenn
- VR sem landsfélag

The logo for LÍV, featuring the letters 'LÍV' in a stylized, white, serif font with a shadow effect, set against a dark background.

# Hvernig á verkalýðshreyfingin að bregðast við fækkun starfa vegna tæknibreytinga?

Áhersla á starfsþróun og aukna menntun, einnig styttingu vinnutíma og sá arður sem fæst af þessum tæknibreytingum skili sér til launafólks og samfélagsins alls.

- Undirbúa starfsmenn fyrir slíkar óhjákvæmilegar breytingar, leggja áherslu á starfsþróun og aukna menntun
- Leggja áherslu endurmenntun, styttingu vinnutíma og tryggja að arðsemi af tæknibreytingum skili sér til samfélagsins
- Þjálfa fólk í nýjar stöður sem taka við af þeim gömlu
- Leggja á áherslu á aukna menntun og endurmenntun
- Menntun og endurmenntun er stóra svarið

# Hvað getum við gert til að takast á við alþjóðavæðinguna?

Virk þátttaka í alþjóðlegri stéttarfélagsumræðu og dyggum stuðningi við það vinnuafli sem kýs að búa og starfa á Íslandi.

- Taka þátt í alþjóðlegri stéttarfélagsumræðu og vera þar leiðandi og vinna að mannsæmandi kjörum alls staðar
- Styðja við það vinnuafli sem kýs að búa og starfa á Íslandi
- Taka vel á móti vel þjálfuðu og menntuðu fólki sem kýs að flytja til Íslands
- Auka og efla eftirlit þannig að ódýrara vinnuafli grafi ekki undan íslenskum vinnumarkaði
- Taka líka vel á móti óþjálfuðu og ómenntuðu fólki sem kýs að flytja til Íslands

# Ný „lággjalda stéttarfélög“ sem ekki gera kjarasamninga. Hvernig bregðumst við við?

Fyrst og fremst með lagasetningu þannig að engin geti stofnað stéttarfélag sem ekki gerir kjarasamning. Hlutverk stéttarféлага sé fyrst og fremst að hlúa að og vinna að bættum kjörum. Efla skal fræðslu og stéttarfélagsvitund almennings.

- Banna þau með lögum
- Einfalt. Setja lög. Ef þú gerir ekki kjarasamning, getur þú ekki stofnað stéttarfélag, getur ekki teikað önnur félög heldur. Setja lög strax!!!
- Herða löggjöf
- Rukka "stéttarfélagið" fyrir að nota kjarasamninginn
- Gera fólki grein fyrir muni á félögum, geta sett upp í viðmiðunarform eins og oft er gert t.d með raftæki. Hvaða rétt félagsmaður hefur þegar kemur að erfiðum aðstæðum.



# Hvernig virkjum við unga fólkið í hreyfingunni?

Tala þeirra tungumál og láta þau líða eins og þau skipti máli. Nálgast þau og vera áberandi á samfélagsmiðlum. Hvetja trúnaðarmenn til þess að ræða við yngri starfsmenn og kynna fyrir þeim hreyfinguna.

- Með því að tala við þau á því tungumáli sem þau skilja og þar sem þau eru. Ekki með að tala til þeirra, heldur fá þau til þess að tala við okkur
- kynnum verkaflyðshreyfinguna fyrir unga fólkinu okkar strax í gagnfræðaskóla
- Aukinni fræðslu strax í grunnskóla
- Hætta þessum auglýsingum og búa til leikjaapp sem væri leikur þar sem þú ert ráðin í vinnu og lendir í fullt af veseni og þar sem vinnur leikinn ef þú veist öll réttindin þín
- Láta því líða eins og að það skiptir máli